

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna við tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukna notkun endurskinsmerkja og fræðslu um mikilvægi þeirra

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að senda hvatningu til starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í upphafi nýs skólaárs til að minna á mikilvægi fræðslu til barna um umferðaröryggi og notkun endurskinsmerkja í því samhengi. Sérstaklega verði hvatt til samstarfs við foreldra og forráðamenn um aukna notkun barna og ungmenna á endurskinsmerkjum.

Greinargerð:

Í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs sem lagt var fram á 179. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 11. febrúar 2020 kemur fram að í flestum grunnskólum borgarinnar sé umferðarfræðsla tekin fyrir með skipulögðum hætti í 1. – 4. bekk. Á miðstigi grunnskóla er t.d. unnið með umferðarreglur á haustin og vorin og þá aðallega í tengslum við hjólreiðanotkun. Á unglingastigi eru dæmi um að fjallað sé um notkun á vespum og hjálmum en einnig boðið upp á valnámskeið um undirbúning fyrir ökunám fyrir nemendur 10. bekkjar. Mikilvægt er að nýta tækifærið í upphafi nýs skólaárs til að minna kennara og annað starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs á fræðslu til barna og ungmenna um umferðarmál og hvetja til samstarfs skólasamfélags og foreldra um leiðir til að auka umferðaröryggi, s.s. með aukinni notkun barna og ungmenna á endurskinsmerkjum.